

Nr. 044 / 13 Birgir ÞH 323***Fær í skrúfuna og dreginn til hafnar***

Skipaskr.nr. 2005
Smíðaður: Röðskær Noregi 1989 plast
Stærð: 12 brl. 13,7 bt.
Mesta lengd: 11,48 m Skráð lengd: 10,47 m
Breidd: 4,04 m Dýpt: 1,5 m
Vél: Isuzu 118 kW 1989
Fjöldi skipverja: 3

Gögn:

Gögn RNS



Birgir©Hilmar Snorrason


Lokaskýrsla afgreidd á fundi 2. maí 2014 af Geirþrúði Alfreðsdóttur, Inga Tryggvasyni, Hilmari Snorrasyni og Pálma K. Jónssyni

Tilgangur þessarar skýrslu er ekki að skipta sök eða ábyrgð og skal henni ekki beitt sem sönnunargagn í opinberu máli.

Atvikalýsing:

Þann 12. maí 2013 var Birgir ÞH 323 á grásleppuveiðum norðan Melrakkaslétu. Veður: ANA 11-12 m/s.

Á veiðunum slitnaði færi á dýpri enda einnar trossunnar sem draga átti og var því farið í þann grynri sem var á um fimm faðma dýpi inn undir Brúsavík. Þegar Birgir var staddur um 0,5 sml norður af Skinnalónsey um kl. 18 fékk hann netin í skrúfuna og óskaði skipstjóri eftir aðstoð þegar 1,4 sml. voru eftir að Rifstanga. Bátinn rak til vesturs í átt að grunnsævinu (skerjum norður úr Rifstanga) þó svo akkeri hafi verið varpað strax eftir að það kom í skrúfuna því akkerið hélt ekki sem skildi. Nærstödd skip komust ekki að Birgi vegna grunnsævis en björgunarskipið Gunnbjörg komst að bátnum og dró hann til Raufarhafnar.



Við rannsókn kom fram:

- að sögn stjórnanda var eins hnúta rek á tímabili eftir að bæði akkerin voru látið falla og minnkaði eftir að þung slæða o.fl. var látið fyrir borð en þá hafði bátinn rekið upp á þarasvæði austan grunnanna út af Rifstanga;
- að samkvæmt upplýsingum frá Vaktstöð siglinga hófst ferilskráning Birgis kl. 18:00. Eftir henni var rek í rv. vestur og eftir að dráttur byrjaði kl. 18:01 til 18:20 að meðaltali 0,95 hnútar. Eftir beiðni um aðstoð var send út kl. 18:21 og þar til dráttur til hafna hófst kl. 19:37 virðist rek hafa verið samkvæmt ferilskráningu 0,69 hnútar;
- að sögn stjórnanda eru mörg skuggasvæði á AIS-kerfinu við Sléttuna og einnig í Þistilfirðinum og taldi hann að einn þessara skugga sé þar sem þeir voru á milli tanganna. Hann sagðist alltaf hafa kveikt á AIS tækinu þegar báturinn væri á sjó.

Nefndarálit:

Orsök atviksins má rekja til þess að eitt net kom í flækju upp í netavinduna en féll niður svo skrúfan náði til slakans sem komið hafði á netin.